FORNLEIFARANNSÓKN Á NAUSTUM, AKUREYRI 2015. KÖNNUNARSKURÐIR

HILDUR GESTSDÓTTIR OG GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS568-15191

Ljósmynd á forsíðu er af Guðrúnu Öldu Gísladóttur við vinnu í skurði Z

©2015
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Framkvæmd 3
Niðurstöður 3
Skurður A 4
Skurður B 6
Skurður H 7
Skurður I 9
Skurður Y 11
Skurður Z 12
Niðurstöður 16
Heimildir 17
Yfirlitskort 18

Inngangur

Í umsögn minjavarðar Norðurlands eystra vegna fyrirhugaða framkvæmda Akureyrarbæjar í Haga í Naustahverfi kom fram að þó að engar skráðar fornleifafar væru á framkvæmdasvæðinu, að þá væru nyrsti og austasti hluti svæðisins það nálægt elsta bæjarstæði Nausta og skráðra minja rétt sunnan lækjar, að mjög miklar líkur væru á að þar væri fornminjar. Því væri nauðsynlegt að kanna svæðið með prufuskurðum áður en til framkvæmda kæmi.[1] Fékk framkvæmdadeild Akureyrarbæjar Fornleifastofnun Íslands ses til verksins, og var það unnið 27. maí 2015. Verkstjórn var í höndum Hildar Gestsdóttur, en auk hennar unnu Guðrún Alda Gísladóttir og Lilja Björk Pálsdóttir við rannsóknina. Hildur Getsdóttir og Guðrún Aldu Gísladóttir sáu um úrvinnslu, en Gísli Pálsson um kortagerð.

Framkvæmd.

Í verklýsingu Minjastofnunar var framkvæmd verksins lýst svo: "*Staðsetning könnunarskurða hefur ekki verið ákveðin enda getur það sem í ljós kemur í fyrstu könnunarskurðum kallað á staðsetningu annara skurða. Auðveldast er því að byrja að kanna nyrst á svæðinu, næst bæjarstæðinu (Ey-301:001) og síðan færa sig sunnar á svæðið.*"[2] Var þessu verklagi fylgt. Skurðir voru vélgrafnir undir eftirliti fornleifafræðings. Byrjað var að grafa nyrst á svæðinu, og unnið í suður, og staðsetning hvers skurðar byggð á því sem fannst í fyrri skurðum og nálægð við hættusvæði (bæjarstæði). Alls voru grafnir 25 skurðir sem voru skilgreindir með bókstöfum, A-Z (sjá kort aftast í skýrslu og töflu 1). Skurðirnir voru mældir upp með Trimble Geoexplorer 6000.

Í þeim tilvikum þar sem engin mannvistarlög fundust í skurðinum þá voru þeir ljósmyndaðir og skrifuð einföld texalýsing á þeim. Ef mannvistarlög fundust í skurðinum voru þar að auki teiknaðar sniðteikningar, og skráning mannvistarlaga látin fylgja svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Forleifastofnunar Íslands.[3] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining fær númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einninga.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi og einninganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[4]

Niðurstöður

Alls voru grafnir 25 skurðir á framkvæmdasvæðinu (sjá kort aftast í skýrslu). Í 16 þeirra sáust engar mannvistaleifar, og voru þeir skurðir ljósmyndaðir og skrifuð stutt lýsing á þeim. Í þremur voru einhverjar mannvistarleifar, en þó svo litlar að þeir voru einnig skráðir með ljósmynd og textalýsingu. Í sex skurðum voru mannvistarleifar sem voru teiknaðar í sniði og jarðlögum lýst. Samantekt um skurðina má finna í töflu 1, og ýtarleg lýsing á þeim sex skurðum sem í fundust mannvistarleifar fylgir.

---

[1] Minjavörður Norðurlands eystra, bréf dagsett 6. maí 2015.
[2] Minjavörður Norðurlands eystra, bréf dagsett 6. maí 2015. Sjá líka Birna Gunnarsdóttir 1995, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1996.
[3] Lucas 2003.
[4] Lucas 2003.

Tafla 1. Skurðir

Skurður	Lýsing
A	Mannvist – sjá lýsingu í texta.
B	Mannvist – sjá lýsingu í texta.
C	Allt rótað vegna nútíma lagnaskurðar. Mesta dýpt 85 sm.
D	Lítil merki um mannvist. Rauðbrún mold ofan á H1104 gjósku (á 60 sm dýpi), rauðleit áfökslög (10 sm þykk) á milli hennar og H3. Kolaganir sjást í jarðvegi bæði ofan og neðan við H1104. Mesta dýpt 80 sm
E	Engin mannvist. Svarbrún mold ofan á H3. Mesta dýpt 90 sm.
F	Lítil merki um mannvist. Rauðbrún mold með kolaögnum ofan á H3. Mesta dýpt 50 sm.
G	Lítil merki um mannvist. Rauðbrún mold með kolamola, 0,5 sm í þvermál. Lá yfir H3. Mesta dýpt 55 sm
H	Mannvist – sjá lýsingu í texta.
I	Mannvist – sjá lýsingu í texta.
J-K	Engin mannvist. Rauðbrún mold niður á jökulleir. H3 er ekki sjáanleg. Mesta dýpt 65 sm.
L-V	Engin mannvist. Rauðbrún mold ofan við H3, sem er þó ekki í öllum skurðum. Þar sem hún sést eru 20 – 30 sm niður á hana. Allir skurðirnir ná niður í jökulleir sem er í 30 – 100 sm dýpt.
X	Engin mannvist. Rauðbrún mold ofan á H3. Mesta dýpt 40 sm.
Y	Mannvist – sjá lýsingu í texta.
Z	Mannvist – sjá lýsingu í texta.

Skurður A

Skurður A var 1 x 4 m, og 1,2 m á dýpt. Undir grasrót var torfblandaður uppmokstur [3] sem sat ofan á grárri gjósku (1477?). Undir henni var torfblandaður jarðvegur með móöskublettum og kolum [6] sem lá ofan á mjög slitróttu gráu gjóskulagi (1300?). Undir því var annað torfblandað jarðlag með kola- og móöskuflekkjum [5] sem lá ofan á jarðvegi blönduðum móösku og kolum [7] sem í sáust flekkir af 1104 gjósku. Það lag lá ofan á forsögulegum gjóskulögum [10].



Mynd 1. Skurður A. Norðursnið

Tafla 2. Jarðlagaskrá, skurður A

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	1	A	Yfirborðslag, rótaskotið
NAK15-25	2	A	Gjóska, Hekla 1477?
NAK15-25	3	A	Torfblandaður uppmokstur
NAK15-25	4	A	Slitrur úr gjósku, Hekla 1300?
NAK15-25	5	A	Torfblandaður jarðvegur með móöskublettum og viðarkolum
NAK15-25	6	A	Torfblandaður jarðvegur með móöskublettum og viðarkolum, mjög líkt [5]
NAK15-25	7	A	Torfblönduð móaska með kolum og gjóskuslitrum úr Heklu 1104
NAK15-25	8	A	Svört gróf gjóska, forsöguleg
NAK15-25	9	A	Rautt einsleitt áfokslag, forsögulegt
NAK15-25	10	A	H3, forsöguleg Heklugjóska
NAK15-25	11	A	Blanda af H3 og H4, forsögulegri Heklugjósku

Skurður B

Skurður B var 1 x 5 m, og 1,7 m á dýpt. Á 1,25 m dýpi var 25 sm þykkt moldarlag með torf og móösku flekkjum [16], sem lá ofan á forsögulegri gjósku (H3). Í norðurenda skurðarins var niðurgröftur [13] í gegn um lag [16], 90 sm djúpur. Hann náði lengra í norður og vestur en könnunarskurðurinn, en það mátti sjá 90° horn á niðurgreftrinum (sjá mynd 3). Fyllingin í skurðinum var fjarlægð að hluta, var hún að mestu blönduð mold [14], með flekkjum af forsögulegri gjösku, líklegast uppmoksturinn úr skurðinum. Neðst í skurðinum lá þunnt lag af jökulleir [15], 5 sm þykkt. Hlutverk þessa niðurgraftar er óþekkt. Ofan á þessum jarðlögum lá 1,2 m þykkt grús/sandlag, nútíma jöfnunarlag [12].



Mynd 2. Skurður B. Austursnið

Mynd 3. Norðurendi skurðar B. Niðurgröftur [13] og fylling [14]. Horft í vestur

Tafla 3. Jarðlagaskrá, skurður B

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	12	B	Grús, nýleg uppfylling vegna framkvæmda Akureyrarbæjar
NAK15-25	13	B	Niðurgröftur, skurður
NAK15-25	14	B	Blönduð mold, efri fylling í [13]
NAK15-25	15	B	Grús, neðri fylling í [13]
NAK15-25	16	B	Mold, smáflekkir af móösku

Skurður H

Skurður H var 1 x 3 m og mest um 85 cm á dýpt. Jarðlög sem sem í ljós komu eru hreyfð og blönduð alveg niður í jökulleir, en ummerki um mannvist eru líkari því sem búast má við í námunda við bæi fremur en veruleg uppsöfnun mannvistarlaga. Teiknað var um 0,7 m stórt snið á suðurhlið skurðar til að sýna jarðlagaskipan.



Mynd 4. Skurður H, suðursnið

Mynd 5. Suðurhlið skurðar H. Skali 1 m.

Tafla 4. Jarðlagaskrá, skurður I

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	17	H	Yfirborðslag - gróðurmold, einsleit svarbrún og ormskotin
NAK15-25	18	H	Blönduð mold, einstaka viðarkolamolar og móöskuflekkir
NAK15-25	19	H	Moldarblönduð viðaraska, brúngrá
NAK15-25	20	H	Viðaraska, gráleit
NAK15-25	21	H	Jarðlag með lífrænum leifum, svartleitt
NAK15-25	22	H	Hreyft brúngult lag í því eru gjóskuleifar H1477 eða H1300. Einstaka viðarkolamolar.
NAK15-25	23	H	Hreyft lag með áberandi H3 gjósku og grárri gjósku, sennilega H1477 eða H1300
NAK15-25	24	H	Jökulleir

Skurður I

Skurður I var 1 x 8 m og mest 1,2 m á dýpt (í norðurenda skurðsins). Undir yfirborðslagi [25] lágu nokkur móösku- og viðaröskulög ([26], [27], [28] og [31]) í bland við torflög ([29], [30] og [32]). Ekkert þessara torflaga virðist vera úr torfhleðslu, en ekki hægt að útiloka að þær séu hrun úr hleðslu, og að einhver mannvirki sé að finna á svæðinu. Öll þessi torf og öskulög lágu ofan í niðurgreftri, [34], sem líklega er sá sami og [48] í skurði Z. Engir gripir eða gjóskulög fundust í skurðinum. Teiknað var 2 m breytt snið við miðjan skurð til að sýna jarðlagaskipan.



Mynd 6. Skurður I, vestursnið

Mynd 7. Skurður I, horft í suður

Mynd 8. Skurður I, horft í austur. Nærmynd af sniði og mannvistarlögum í skurðinum.

Tafla 5. Jarðlagaskrá, skurður I

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	25	I	Grasrót, yfirborðslag
NAK15-25	26	I	Móaska
NAK15-25	27	I	Dökkur jarðvegur með móösku og viðarkolum
NAK15-25	28	I	Blönduð móaska
NAK15-25	29	I	Torf með smáum flekkjum
NAK15-25	30	I	Blandað torf
NAK15-25	31	I	Viðaröskulag
NAK15-25	32	I	Blandað torf
NAK15-25	33	I	Einsleitt rauðleitt jarðlag
NAK15-25	34	I	Skurður fyrir gryfju með ruslalögum [26-32]

Skurður Y

Skurður Y var 1 x 4 m og 60 sm á dýpt. Undir yfirborðsmold [35] var 15-30 sm þykkt lag myndað úr viðaröskulinsum [36]. Enga gripi var að sjá í laginu, en töluvert af dýrabeinum (sem voru þó ekki hirt). Viðaraskan lá ofan á torfblandaðri mold [37] sem lá ofan á gráu gjóskulagi (1477?). Undir henni var móöskublandað moldarlag [39].



Mynd 9. Skurður Y, vestursnið

Mynd 10, Skurður Y, horft i vestur. viðaröskulög og gjóska.

Tafla 6. Jarðlagaskrá, skurður Y.

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	35	Y	Grasrót, yfirborðslag
NAK15-25	36	Y	Grá viðaraska, lagskipt
NAK15-25	37	Y	Mold með torfflekkjum
NAK15-25	38	Y	Gjóska, H1477 eða H1300
NAK15-25	39	Y	Mold með örlitlum móöskuflekkjum

Skurður Z

Skurður Z var 1 x 4 m og 1,2 m djúpur frá grasrót niður í jökulleir. Yfirborðslag [41] var mjög hreyft, blandað og ormskotið, það var mest rúmlega 40 cm þykkt en þar voru mörkin milli öskulaga [49] og þessa yfirborðslags [41] orðin óljós. Beint neðan yfirborðslags komu í ljós nokkur ólík lög. Fyrst skal telja öskuhaug [49] í skurðinum norðanverðum. Þar var efst móaska með viðarkolaleifum, en svo lagskipt niður í jökulleir: viðarkol, kol, móaska o.s.frv. Öskuhaugurinn var mest 1,15 cm þykkt. Á sniðteikningu er ekki gerð grein fyrir þessum ruslalögum en gráminn táknar þetta lag. Brotalínan efst sýnir efsta móöskulagið með viðarkolaleifum í. Þar í efst fundust óbrennd bein, krítarpípa og leirkersbrot. Brotalína er myndar aflangan hring við botn ruslalagsins sýnir hvar steinar kom í ljós, bæði hellur og óreglulega lagaðir steinar. Þeir gætu verið hluti af mannvirki en ekkert torf var í

kringum þá. Svipað grjót sást í skurði X og er ekki ólíklegt að þetta grjót muni tengjast á einhvern hátt þegar svæðið verður rannsakað, líkt og öskulögin. Næst sunnan við ruslalag [49] var gulleitt blandað torflag sem lá ofan á gjósku [43] sem er annaðhvort H1477 eða H1300. Gjóskan lá ofan á torfkenndu lagi [44], gæti verið blandað áfoki. Neðan við [44] var torfkennt lag [45]. Það var líkt [42] og [44], en það sem er áberandi öðruvsísi er að því var dökkur sandur, ef til vill gjóska (H1300?). Einnig eru í örlitlir kolamolar á dreif. Lag [46] samanstóð af lagskiptri jarðvegsuppsöfnun og torfleifum. Í þessu lagi mátti sjá slitur úr H1104 gjóskunni og örlitla koladreif. Neðan jarðlags [46] var komið niður í óhreyfð, en [47] var grár jökulleir. Jarðlög [42] - [46] voru öll grafin í sundur af [48].

Eftir að gjóskulagið H1477 eða H1300 féll virðist hafa verið grafin gryfja á staðnum sem síðan var fyllt af rusli frá nærliggjandi bæ og samanstendur fyllingin [49] af ösku: viðar- og móösku og kolum. Efst í haugnum voru nokkur óbrennd bein en einnig tóbakspípubrot, leirkersbrot og glerbrot, öll eru brotin fremur einkennalaus en að líkindum má telja þau til 17.-18. aldar (sjá töflu 8). Ekki fundust fleiri gripir við könnunina og ekkert af leirkers - eða glerbrotum sem er vísbending um að efstu lögin í gryfjunni eru eldri en ca. 1800.



Mynd 11. Skurður Z, vestursnið..



Mynd 12. Skurður Z, horft í norðvestur. Búið að merkja inn helstu jarðlög.

Mynd 13. Skurður Z, horft í norður.

Tafla 7. Jarðlagaskrá, skurður Z

Staður/rannsóknarnr.	Jarðlag	Skurður	Lýsing
NAK15-25	41	Z	Gróðurmold, svarbrúnleitt yfirborð gróft og einsleitt
NAK15-25	42	Z	Blandað torf, brúngulleitt
NAK15-25	43	Z	Gjóska, H1477 eða H1300
NAK15-25	44	Z	Mjög líkt lagi [42] en fínlegra
NAK15-25	45	Z	Mjög líkt lagi [42 og 44] en með dökkum sandi, e.t.v. Gjóskdreif. Örlitlir kolamolar sýnilegir
NAK15-25	46	Z	Lagskipt jarðvegsuppsöfnun og torfleifar. Örlítil kol sjáanlegt og slitur af gjósku úr Heklu 1104 (H1104)
NAK15-25	47	Z	Jökulleir
NAK15-25	48	Z	Skurður fyrir gryfju með ruslalögum, sjá [49]
NAK15-25	49	Z	Fylling í gryfju, sjá skurð [48]. Uppsöfnuð ruslalög: Móaska, viðaraska, viðarkolalög, brennd og óbrennd bein

Tafla 8. Fundaskrá

Staður - rannsóknarnúmer - fundanúmer	Svæði	Jarðlag	Tegund	Efni	Lýsing	Magn	Þyngd (g)
NAK15-25-1	Z	49	Tóbakspípa	Leir	Leggur og örlítið brot af hausnum af krítarpípu. Hælmerki afmáð. Grófgerð.	1	7,7
NAK15-25-2	Z	49	Ílát	Leir	Grænglerjaður rauðleir. Brotin eru smá, ógreinanlegt frekar.	2	4,6
NAK15-25-3	Z	49	Matarleifar	Bein	Kindabein	x	90
NAK15-25-4	Z	49	Rúðugler?	Gler	Glerbrot með glerveiki. Ógreinanlegt.	1	1,16

Niðurstöður

Nyrst á framkvæmdasvæðinu (sjá kort aftast í skýrslu), vestan við núverandi bæjarstæði Nausta, voru mannvistarleifar í tveimur skurðum, A og B. Þó voru engin skýr ummerki um að mannvirki væru á svæðinu og því líklegasta skýringin að þetta séu lög sem tengjast búskap í Naustum og eðlilegt er að finna nálægt mannabústöðum.[5]

Austan til á framkvæmdasvæði, vestan við núverandi bæjarstæði Nausta, voru litlar eða engar mannvistarleifar í fimm skurðum, C - G. Það sem kom mest á óvart á þessu svæði var hversu jarðvegur var hreyfður og í flestum tilvikum lá grasrótin/yfirborðsjarðvegur beint ofan á forsögulegri gjósku (H3). Eina undantekningin var skurður D, en þar sást gjóska úr Heklugosinu 1104 á sínum stað. Líklegasta skýringin á þessu er að á þessu svæði hafi verið tún um aldir og að allri sögulegri gjósku hafi verið umrótað við jarðabætur.

Syðst á framkvæmdasvæðinu, í túni sunnan lækjar voru grafnir 10 skurðir, L-T og V. Engin mannvistarlög var að finna á þessu svæði. Líkt og nyrst á framkvæmdasvæðinu þá lá yfirborðsmoldin beint ofan á forsögulegri gjósku (H3) eða jökulleir sem bendir til þess að á þessum stað hafi lengi verið tún og jarðveginum rótað við jarðabætur.

Á svæðinu sem liggur beint sunnan við núverandi bæjarstæði Nausta voru grafnir átta skurðir. Tveir þeirra, U og X, voru vestan við vegslóða sem liggur í suður frá bænum. Í þeim voru engar mannvistarleifar. Austan við slóðann voru grafnir sex skurðir. Í tveimur þeirra J og K voru engar mannvistarleifar og í einum H lítilsháttar mannvistarleifar.

Í þremur skurðum, I, Z og Y voru hins vegar miklar mannvistarleifar (sjá gula skurði á korti aftast í skýrslu). Í skurðum I og Z voru rúmlega meters þykk ruslalög sem liggja ofan í einhverskonar gryfju. Syðst í skurði I komu einnig í ljós torflög, hugsanlega hrunlög, sem gætu bent til þess að einhverskonar mannvirki sé að finna á svæðinu. Svipuð ruslalög var að finna í skurði Y, en hann virðist liggja í jaðri minjasvæðisins. Gjóskulög og gripagreining bendir til að þessi mannvistarlög séu frá tímabilinu ~1300/1477-1800. Á korti aftast í skýrslu er búið að afmarka svæði með gulum hring þar sem líklegast er að mestu mannvistarlögin sé að finna.

[5] Sjá t.d. Oddgeir Hansson 2008 & 2009.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1996. *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI. Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna*. Fornleifastofnun Íslands, FS018-95023, Reykjavík.

Birna Gunnarsdóttir. 1995. *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis.* Fornleifastofnun Íslands FS004-95021

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 6. maí 2015. MÍ201505-0010/8.00/S.B.

Oddgeir Hansson. 2008. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri* (Framvinduskýrsla I). Fornleifastofnun Íslands FS380-07261, Reykjavík.

Oddgeir Hansson. 2009. *Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri* (Skýrsla II). Fornleifastofnun Íslands FS430-07262, Reykjavík.


A
B
C
D
E
F
G
H
I
J
K
L
M
N
O
P
Q
R
S
T
U
X
Y
Z
N
W
E
S
0
10
20
40
M